

Fréttabréf

Grunnskóla Hornafjarðar




1. tbl. 11. árg. febrúar 2017

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Annaskil - frammistöðumat

17. febrúar er viðtalsdagur þar sem nemendur koma með foreldrum sínum í skólann og fara yfir stöðuna. **Mikilvægt er að nemendur séu búnir að fylla út í frammistöðumatið fyrir viðtalið.** Yngri



nemendur þurfa hjálp foreldra til þess og þó börnin séu farin að stálpast geta þau þurft aðstoð og samtal við foreldri meðan þeir fylla út frammistöðumatið auk þess sem viðtalið nýtist þá foreldrum líka betur. Ath. það þarf að fara inn í mentor á aðgangi nemandans til að fylla út í frammistöðumatið.

Í einhverjum bekkjum eru kennarar að prófa sig áfram í nemendastýrðum viðtölum og verður gaman að heyra hvernig þau koma út.

Skólapúlsinn

Nemendur í 6. – 10. bekk svara spurningum skólapúlsins þrisvar sinnum yfir veturinn en þó svarar hver nemandi bara einu sinni. Niðurstöður þessara kannana skipta miklu máli fyrir skólastarfið og mikilvægt að taka mark á þeim. Í þeim koma fram vísbendingar um það hvernig staðan er hjá okkur í þremur mikilvægum málaflokkum

er varða nemendur. Í fyrsta lagi virkni nemenda í skólanum, öðru lagi líðan þeirra og heilsa og í þriðja lagi skóla- og bekkjarandinn. Hér verður sagt frá helstu niðurstöðum eftir mælingu tvö.

Virkni nemenda

Í þessum þætti kemur fram líkt og í síðustu mælingu að nemendur hafa marktækt minni trú á eigin vinnubrögðum og eigin námsgetu en jafnaldrar þeirra annarsstaðar á landinu. Þá hafa þeir heldur minni þrautseigju í námi og minni ánægju af náttúrufræði. Á móti hafa þeir marktækt meiri ánægju af stærðfræði en almennt gerist og meiri ánægju af lestri. Þrátt fyrir að það sé áhyggjuefni að nemendur hafi litla trú á eigin námsgetu og vinnubrögðum og að þar verðum við að skoða hvað veldur þá er sérstaklega ánægjulegt að bæði stærðfræði og lestur skuli vera komið upp fyrir meðaltal. Þessar greinar eru grunnstoð alls náms og hefur áhugi á lestri líka mest tengsl við aðra þætti skólapúlsins og líklegra að þeir komi betur út ef ánægja af lestri kemur vel út.



Líðan og heilsa

Þrátt fyrir að í þessum þætti komi fram að nemendur hafa heldur minna sjálfsálit en gerist og gengur og finnst þeir einnig hafa heldur minni stjórn á eigin lífi hafa samt orðið töluverðar jákvæðar breytingar á milli mælinga svo vonandi erum við á réttri leið. Nemendum líður svipað og nemendum annarstaðar en jákvæðu fréttirnar eru að einelti er komið undir það sem almennt gerist á landinu, nemendur hreyfa sig mun oftar en almennt gerist og telja sig líka borða ívið hollari mat.

Skóla og bekkjarandi

Nemendur í Grunnskóla Hornafjarðar telja marktækt meira en aðrir að heimavinna sé mikilvægur þáttur í náminu. Þá telja þeir sig taka virkan þátt í tímum, að það ríki almennt góður agi og þeir eigi í góðu sambandi við kennarana. Hinsvegar eru enn of margir sem samsama sig ekki við aðra nemendur.

Samantekt

Í heildina má segja að niðurstöður Skólapúlsins séu góðar en þó eru þættir sem snúa að trú á eigin getu og sjálfmynd nemenda sem þarf að skoða. Í fyrirlestri sem foreldrum var boðið á í Nýheimum 26. janúr sl. kom m.a. fram að sjálfsmýnd er margslungin og er í mótun allt lífið. Einn mikilvægur þáttur jákvæðrar sjálfsmýndar mótast við að sigrast á erfiðum verkefnum bæði heima og í skóla. Þess vegna er mikilvægt að þjálfar börnin í að takast á við verkefni sem þeim finnst erfið og upplifa ánægjuna af því að sigrast á þeim. Þannig eykst þrautseigja og sjálfsmýndin eflist. Í nútíma samfélagi hættir foreldrum til að taka erfið verkefni frá börnunum eða vinna verkin fyrir þau. „Orðið krullforeldrar hefur stundum verið notað yfir svona foreldra, en það er dregið af samnefndri ís-íþrótt, og vísar til þess að einn eða tveir liðsmenn hreinsa í sífellu braut kubbsins sem rennur eftir ísnum svo hann komist hindrunarlaust í mark. Það er með öðrum orðum allt gert til að koma í veg fyrir að barnið þurfi að takast á við hindranir, taka ábyrgð eða læra af mistökum“ (www.kritin.is/2017/01/16).

Munið að lesa tölvupóstinn um örugga netnotkun sem sendur var á alla foreldra föstudaginn 10. febrúar

Skólapeysur – skólapeysur

Dagana í kringum foreldraviðtölin verða skólapeysur til sölu. Sýnishorn verða í hvoru skólahúsi fyrir sig og hægt verður að máta. Verð á peysu er 4500 kr með merki skólans og nafni barns. Greiða þarf fyrir peysuna um leið og pantað er. Flórentína og Dadda taka við greiðslum en þær taka ekki kort. Það er 9. bekkur sem heldur utan um söluna og er þetta liður í fjáröflun þeirra fyrir ferð í skólabúðirnar að Laugum í Sælingsdal. Fjórir litir eru í boði – sjá myndir.



Matseðill í febrúar

9.feb Hamborgari, franskar og sósa.

10.feb Skyr með brauði og áleggi.

13.feb Plokkfiskur og rúgbrauð.

14.feb Kjötbúðingur með kartöflumús.

15.feb Fiskréttur kokksins.

16.feb Pastaréttur og hvítlauksbrauð.

17.feb Frí - foreldraviðtöl

20.feb Frí - skipulagsdagur

21.feb Skólabjúgu með kartöflum og jafning.

22.feb Fiskistangir með sætkarrýsósu.

23.feb Buff með spældu eggjum og kartöfluten.

24.feb Mexikosúpa með nachos flögum.

27.feb Fiskibollur á bolludegi.

28.feb Saltkjöt og baunir.



Verndum umhverfið – hugum að heilsunni

Göngum eða hjólum í skólann, notum hjálm og endurskinsmerki og svo eru regnföt nauðsynleg hverjum Hornfirðingi. 😊